



## Ánægjukönnun meðal íbúa Grýtubakkahrepps

Gerð dagana 18. til 21. febrúar 2022.



Mynd: Hermann Gunnar Jónsson

## **Inngangur.**

Könnun þessi var gerð skv. ákvörðun sveitarstjórnar, nú þegar senn líður að sveitarstjórnarkosningum. Settar voru upp 11 spurningar um ánægju/óánægju með stofnanir sveitarfélagsins, störf sveitarstjórnar og sveitarstjóra og svo almennt ánægju/óánægju með búsetu í hreppnum. Gefnir voru fimm svarmöguleikar við hverri spurningu:

- 5 = Mjög ánægð(ur)
- 4 = Frekar ánægð(ur)
- 3 = Hvorki né
- 2 = Frekar óánægð(ur)
- 1 = Mjög óánægð(ur)

Síðan var ein spurning opin þar sem íbúum gafst kostur á að koma með ábendingar um það sem betur mætti fara.

Könnunin var unnin í opnu kerfi, Google Forms, og var lögð fram á Facebooksíðu íbúa Grýtubakkahrepps dagana 18. til og með 21. febrúar 2022. Svörin var ágæt, en 73 svör bárust. Það er mat okkar sem unnum könnunina að það sé fyllilega næg svörin til að hún megi teljast marktæk. Engin merki voru um óeðliega svörin eða að reynt hefði verið að eiga við könnunina á nokkurn hátt.

Könnunin var sett upp og unnin af sveitarstjóra og skólastjóra, sem og úrvinnsla á niðurstöðum.

## **Niðurstöður.**

Það er ánægjulegt hve íbúar virðast heilt yfir ánægðir með sitt sveitarfélag. Þannig sögðust 91,7% þeirra sem svöruðu vera frekar ánægð eða mjög ánægð með búsetu sína í Grýtubakkahreppi. Af einstökum stofnunum var ánægja mest með Sundlaugina, 94,4% þeirra sem svöruðu sögðust fekar ánægð eða mjög ánægð með hana og 90% voru frekar ánægð eða mjög ánægð með slökkviliðið okkar.

Ekki mældist veruleg óánægja, en helst var hana að finna með störf sveitarstjóra, en 16,4% þeirra sem svöruðu voru frekar óánægð eða mjög óánægð með hans störf. Þá voru nokkrir frekar óánægðir með skrifstofu hreppsins (11,1%) og störf sveitarstjórnar (8,3%).

Í skýrslunni eru svörin við 11 spurningum sett fram á skifuritum sem auðvelt er að glöggva sig á. Þá er stöplarit sem sýnir reiknaða meðalánægju í svörum íbúa við hverri spurningu, á skalanum 1 – 5.


Loks eru aftast listaðar upp allar ábendingar eða svör sem komu við opnu spurningunni. Þar er þrennt áberandi; Húsnæðisskortur, ósk um betri leiktæki, bæði við skólann og á leikvöllinn við Túngötu og loks óskir um stærri líkamsrækt með fleiri tækjum.

Það er ánægjulegt að það stefnir í verulega uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á Grenivík á næstu misserum og hin tvö málin hafa bæði verið og verða áfram á dagskrá sveitarstjórnar.


Íbúum eru þokkuð góð viðbrögð við þessari könnun og vonandi mun hún nýtast nýrri sveitarstjórn vel við forgangsriðun verkefna.

Grenivík 24. febrúar 2022,  
Próstur Friðfinnsson, sveitarstjóri.


## 1. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með Grenivíkurskóla?




## 2. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með Leikskólann Krummafót?




### 3. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með Grenilund hjúkrunarheimili?




### 4. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með Slökkvilið Grýtubakkahrepps?




## 5. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með Sundlaug Grenivíkur?




## 6. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með Líkamsræktina?




## 7. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með Þjónustumiðstöðina (áhalDAHúsið)?




## 8. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með Skrifstofu hreppsins?




### 9. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með störf sveitarstjórnar?




### 10. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með störf sveitarstjóra?



## 11. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með búsetu í sveitarfélaginu almennt?



## Meðalánægja á skalanum 1 - 5 þar sem 5 er hæst





## 12. Hvað telur þú að helst mætti bæta hjá sveitarfélaginu eða stofnunum þess?

- Betri þjónustu á skrifstofu. Nýjan sveitarstjóra.
- Voða lítið.
- Vantar aðstöðu fyrir ungmenni á staðnum svo þau hafi eitthvað við að vera hérna, vantar hundasvæði, vantar meiri afþreyingu
- Það mætti horfa meira til þess að það er líka líf og fólk annarsstaðar í sveitarfélaginu en á Grenivík
- Auglýsa þær lóðir sem eru nú þegar við klárar götur og svo er leikaðstaða fyrir börn til skammar fyrir sveitafélagið bæði við skóla og Túngötu
- Auglýsa lóðir á fleiri stöðum s.s. á fasteignir.is, stækka ræktina svo fleiri komist fyrir í einu og pláss verði fyrir fleiri þrektæki.
- Hugsa til þess að fjölmargir íbúar sveitarfélagsins búa ekki á Grenivík en borga sama útsvar. Hugsa mætti til þess varðandi snjómokstur, hálkuvarnir o.fl
- Það vantar húsnæði
- Þarf að bæta útiaðstöðu fyrir börnin bæði í grunnskóla og leikskóla. Væri flott að sjá líka stækkun á líkamsrækt og bæta aðstöðu sjúkráþjálfunar. Er mjög ánægð með að það er verið að bæta húsnæðismál hér á svæðinu.
- Bæta aðstöðu í líkamsrækt. Stækka og fjölga æfingataekjum. Bæta ungbarnaaðstöðu á leikskólanum. Er óviðunandi eins og er. Og bjóða upp á morgunmat á leikskólanum!
- Það mæti bæta félagslífið á Grenivík
- Betra upplýsingastreymi til hreppsþúa um mál á dagskrá og fyrirhugaðar framkvæmdir
- Mætti miða meira að barnafólki, svo sem setja ungbarnarólu á leikskólann og veita Krummafóti meira fjármagn í starfið.
- Vantar húsnæði.
- Í góðu lagi
- Vantar úrræði varðandi fleiri íbúðir.
- Fleiri íbúðir á lausu
- íbúðir fyrir sjálfstætt eldra fólk
- Það er spurning hvort sé komin tími á að byggja litlar íbúðir fyrir eldri borgara í tengslum við Grenilund þar sem þau gætu fengið t.d. keyptan mat.
- Bæta: húsnæðisskort, leiksvæði skólans, stækka rækt,
- Leikvöllurinn (róló), þá rólurnar og rennibrautin. Einnig er leiksvæðið við Grenivíkurskóla mjög óspennandi. Það vantar einnig lýsingu við göngustíginn við leikskólann. Það mætti líka bæta aðstöðuna í leikskólanum. Það mætti vera gangstétt frá Túngötunni sem tengist stéttinni framan við Jónsabúð, svo krakkar og aðrir þurfi ekki að fara á götuna til að komast að búðinni, börn eru oft á hjólum og það getur skapað hættu fyrir þau að vera á götunni og bílar sem eru að bakka af stæðinu sjá þau kannski ekki. Það eru oft frekar ung börn eftirlitslaus úti, eru engar reglur sem segja til um þetta?
- er eitthvað til að bæta
- Húsnæðisskortur
- :)
- Bygga íbúðir

- Gera almennilegt leiksvæði við skólann. Fjölga íbúum (huga í því samhengi að markvissri uppbyggingu íbúða, aðstöðu leikskólans o.fl.)
- Skate park
- Halda áfram að gera sitt besta á hverjum tíma.